



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

ÍSLE3MS05

Vorönn 2026

Um...Sko...Þú veist...

Kennari:

Jóna Guðbjörg Torfadóttir

Emma Lóa Kristjánsdóttir

3. námsár

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Fræðilegur bakgrunnur</i>	3
<i>Lýsing á framkvæmd</i>	4
<i>Niðurstöður</i>	4
<i>Lokaorð</i>	9
<i>Heimildir</i>	9

Inngangur

Þessi rannsókn var framkvæmd í apríl 2026 af Emmu Lóu Kristjánsdóttur. Markmið hennar var að skoða notkun hikorða í daglegu tali og kanna hvort munur sé á notkun þeirra eftir aldri. Hikorð eru orð eins og „sko“, „bara“ og „þú veist“ sem fólk notar oft án þess að taka sérstaklega eftir því. Rannsóknin var framkvæmd með netkönnun þar sem svör voru fengin frá fólki á mismunandi aldri og af ólíkum kynjum.

Rannsóknarspurningin: Er notkun hikorða mismunandi eftir aldri?

Fræðilegur bakgrunnur

Hikorð eru algengur hluti af daglegu tali og gegna mikilvægu hlutverki í samskiptum. Þau eru oft notuð þegar einstaklingar þurfa tíma til að hugsa eða skipuleggja það sem þeir ætla að segja. Dæmi um slík orð í íslensku eru „sko“, „þú veist“, „hérna“ og „svona“. Samkvæmt Vísindavefnum er orðið „sko“ mjög algengt í töluðu máli og er oft notað til að halda flæði í samtali (Vísindavefurinn, 2006).

Rannsóknir sýna einnig að orð eins og „heyrðu“ og „ha“ gegna ákveðnu hlutverki í samskiptum. Þau eru ekki séríslensk heldur finnast í mörgum tungumálum og eru notuð til að vekja athygli eða stýra samtali (Háskóli Íslands, 2019). Þetta bendir til þess að hikorð séu ekki tilviljunarkennd heldur gegni ákveðnu hlutverki í samskiptum fólks.

Samkvæmt rannsókn sem birt var á PubMed tengjast hikorð oft hugrænum ferlum, til dæmis þegar fólk er að vinna úr upplýsingum eða er undir álagi (Coppock, McKinley E. Seals, Douglas R, 2022). Þau geta því komið fram þegar einstaklingur er óöruggur eða þarf tíma til að móta hugsanir sínar.

Einnig hefur verið bent á að málnotkun sé síbreytileg og að mikilvægt sé að skoða hvernig fólk talar í raunverulegum aðstæðum. Jóna Guðbjörg Torfadóttir fjallar um mikilvægi þess að skoða raunverulega málnotkun og hvernig tungumálið birtist í daglegu lífi (Jóna Guðbjörg Torfadóttir, e.d.).

Þessar rannsóknir benda til þess að hikorð séu eðlilegur og mikilvægur hluti af talmáli. Þau hjálpa fólki að halda flæði í samtölum, skipuleggja hugsanir og bregðast við mismunandi aðstæðum.

Lýsing á framkvæmd


Rannsóknin var framkvæmd með rafrænni spurningakönnun. Alls tóku 72 einstaklingar þátt. Reynt var að fá fjölbreyttan hóp þátttakenda með tilliti til aldurs og kyns.

Spurningakönnuninni var dreift á samfélagsmiðlum, meðal annars á Facebook og Snapchat, til að ná til sem breiðasts hóps svarenda. Einnig var hún deild áfram af öðrum, sem stuðlaði að aukinni þátttöku. Í könnuninni var spurt um hvaða hikorð fólk notar, hversu oft þau eru notuð, hvort fólk taki eftir notkun þeirra og í hvaða aðstæðum þau koma helst fram. Niðurstöðurnar voru settar fram í súluritum og kökuritum til að auðvelda samanburð og gera framsetningu skýrari.

Niðurstöður

1. Kyn? (0 point)


● Kona	59
● Karl	13
● Kynsegin	0



Mynd 1 sýnir að enginn kynsegin þátttakandi tók þátt í könnuninni. Alls svöruðu 72 einstaklingar, þar af voru 59 konur og 13 karlar. Þetta bendir til þess að meirihluti þátttakenda hafi verið konur.


2. Aldur? (0 point)

● 14-25 ára	26
● 26-40 ára	5
● 41-60 ára	32
● 61+ ára	9



Mynd 2 sýnir aldursdreifingu þátttakenda. Flestir voru á aldrinum 41–60 ára (32 einstaklingar), næstflestir 14–25 ára (26 einstaklingar). Færri voru 61 árs og eldri (9 einstaklingar) og aðeins 5 voru á aldrinum 26–40 ára. Þetta bendir til þess að meirihluti þátttakenda sé á miðjum aldri.

3. Hvaða hikorð notar þú oftast? (0 point)



Mynd 3 sýnir hvaða hik orð eru notuð oftast. Algengustu orðin eru „sko“ og „þú veist“ (13 sinnum hvort). Einnig er „okey“ nokkuð algengt (12 sinnum). Minna er notað af orðum eins og „svona“, „hérna“, „um“, „heyðu“ og „bara“. Þetta bendir til þess að ákveðin hik orð séu mun algengari en önnur.

4. Annað hikorð?

10 Responses


ID ↑	Name	Responses
1	anonymous	Heyrðu
2	anonymous	bara
3	anonymous	Sko
4	anonymous	Sko
5	anonymous	Mér skilst að ég noti ekki hikorð eða ég verð ekki var við það og búinn að spyrja aðra í kring sem hafa ekki tekið eftir því. en jú ég ræski mig stundum.
6	anonymous	Um
7	anonymous	Tjaaaa
8	anonymous	Sko
9	anonymous	Ööööö
10	anonymous	Hérna

Mynd 4 sýnir önnur hik orð sem þátttakendur nefndu. Það voru alls 10 svör. Þar koma fram orð eins og „heyrdú“, „bara“, „sko“, „um“ og „hérna“, sem að voru nú þega til staðar í vali á mynd 3. Einnig nefndu sumir hljóð eða óformleg orð eins og „tjaaaa“ og „öööö“. Flest þessara orða eru notuð til að fylla upp í þagnir eða gefa fólki tíma til að hugsa. Það var einn

Þátttakandi sem sagðist ekki nota hikorð. Þetta sýnir að hik orð geta verið mjög fjölbreytt og ekki alltaf föst eða formleg orð.

5. Hversu oft notar þú hikorð? (0 point)


● Mjög oft	29
● Stundum	29
● Sjaldan	13
● Aldrei	1



Mynd 5 sýnir hversu oft þátttakendur nota hik orð. Flestir segja að þeir noti hik orð mjög oft eða stundum (29 í hvorum flokki). Færri nota þau sjaldan (13 einstaklingar) og aðeins 1 sagðist aldrei nota hik orð. Þetta sýnir að hik orð eru algeng í daglegu tali.

6. Tekur þú eftir því þegar þú notar hikorð? (0 point)


● Já	25
● Nei	47



Mynd 6 sýnir hvort fólk taki eftir því þegar það sjálf notar hik orð. Meirihlutinn (47 einstaklingar) segist ekki taka eftir því, en 25 segja að þeir geri það. Þetta bendir til þess að margir noti hik orð án þess að átta sig á því.

7. Tekur þú eftir því þegar aðrir notar hikorð? (0 point)

● Já	62
● Nei	10




Mynd 7 sýnir hvort fólk taki eftir þegar aðrir nota hik orð. Flestir (62 einstaklingar) segjast taka eftir því, en aðeins 10 segja nei. Þetta bendir til þess að fólk taki frekar eftir hik orðum hjá öðrum en hjá sjálfu sér.

8. Finnst þér hikorð trúfla tal? (Hjá þér eða þegar þú hlustar) (0 point)




Mynd 8 sýnir hvort hik orð trúfli fólk. Meirihluti (44 einstaklingar) segir að þau trúfli þegar þeir hlusta á aðra. 27 segja að þau trúfli ekki og 8 segja að þau trúfli í þeirra eigin tali. Þetta bendir til þess að hik orð geti haft áhrif á hvernig fólk upplifir samtöl.

9. Í hvaða aðstæðum notar þú hikorð mest? (0 point)



Mynd 9 sýnir í hvaða aðstæðum hik orð eru notuð mest. Flestir nota þau með vinum og fjölskyldu (39). Einnig eru þau notuð í vinnu (24), í símtölum (21) og heima (20). Færri nota þau í kynningum (14), í skóla (11) og á netinu (6). Þetta bendir til þess að hik orð séu algengust í óformlegum aðstæðum.

10. Í Hvaða aðstæðum notar þú hikorð? (0 point)



Mynd 10 sýnir við hvaða aðstæður fólk notar hik orð. Flestir nota þau þegar þeir eru óöruggir í því sem þeir eru að segja (30) eða í stressandi aðstæðum (27). Einnig þegar samtal verður óþægilegt (22) eða þegar þeir eru þreyttir (20). Færri nota þau þegar þeir eru afslappaðir (15) eða vilja stytta samtöl (15). Þetta bendir til þess að hik orð tengist oft óöryggi eða streitu.

11. Í Hvaða aðstæðum notar þú hikorð? Annað dæmi:

8 Responses

ID ↑	Name	Responses
1	anonymous	Annars hugar og hef takmarkaðan tíma/ athygli
2	anonymous	Við flestar aðstæður allt og oft sko
3	anonymous	alltaf bara
4	anonymous	Ég verð að viðurkenna að ég bara veit ekki hvort ég nota hikorð eða ekki. Hef ekki tekið eftir því hjá sjálfum mér. Held mikið fyrirlestra og þess háttar og ekki tekið eftir eða fengið athugasemdir varðandi það :)
5	anonymous	Almennum samræðum
6	anonymous	Pegar ég vil segja mjög mikið mjög hratt
7	anonymous	Pegar ég er óörugg
8	anonymous	Nenni ekki að hlusta

Mynd 11 sýnir önnur dæmi um aðstæður þar sem fólk notar hik orð. Margir nefna að þeir noti hik orð í almennum samræðum eða í flestum aðstæðum. Einnig koma fram ástæður eins og að vera óöruggur, vera að tala hratt, hafa takmarkaða athygli eða þegar fólk nenni ekki að hlusta. Athyglisvert er að sumar af þessum ástæðum koma einnig fram í mynd 10, til dæmis óöryggi og ákveðnar aðstæður sem valda streitu. Þetta bendir til þess að niðurstöðurnar styðji hver aðra og að notkun hik orða tengist bæði aðstæðum og líðan einstaklingsins.

Lokaorð

Niðurstöðurnar sýna að hikorð eru mjög algeng í daglegu tali og flestir þátttakendur nota þau reglulega. Þrátt fyrir að einhver munur sjáist milli hópa bendir rannsóknin ekki til mikils munar eftir aldri, sem gefur til kynna að hikorð séu eðlilegur hluti af máli allra.

Einnig kom fram að margir taka ekki eftir eigin notkun hikorða, sem bendir til þess að hún sé oft ómeðvituð. Þá sýna niðurstöðurnar að hikorð eru sérstaklega notuð í aðstæðum þar sem fólk er óöruggt eða þarf tíma til að hugsa.

Að lokum má segja að hikorð séu eðlilegur hluti af samskiptum, en mikilvægt getur verið að vera meðvitaður um notkun þeirra, sérstaklega í formlegum aðstæðum.

Heimildir

Coppock, McKinley E. Seals, Douglas R. (2022, 1. desember). *Speech patterns and filler words*. PubMed.

<https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/36074921/>

Guðrún Kvaran. (2006, 20. nóvember). *Hvað þýðir „sko“? Vísindavefurinn*.

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6391>

Háskóli Íslands. (2019, 28. nóvember). *Heyrðu og ha ekki séríslensk fyrirbrigði*. Hi.

https://hi.is/frettir/heyrdur_og_ha_ekki_serislensk_fyrirbrigdi

Jóna Guðbjörg Torfadóttir. (e.d.). *Málnotkun/hikorð*. Jonatorfa.

<https://jonatorfa.com/thraedir/malnotkun/>